

## Í ÞESSU FRÉTTABRÉFI:

<b>MOLAR FRÁ FRÆDSLUNEFND</b>	<b>1</b>
<b>FRÆDSLUFUNDIR FIE</b>	<b>1</b>
<b>AÐGERÐIR TIL VARNAR GEGN SVIKSEMI</b>	<b>2</b>
<b>ÚTTEKT Á STJÓRNARHÁTTUM FYRIRTÆKJA</b>	<b>9</b>
<b>ÝMSIR FRÉTTAPUNKTAR</b>	<b>9</b>
<b>FAGLEGT EFNI Í FRÉTTABLAÐI FIE</b>	<b>9</b>
<b>KYNNING Á FÉLAGSMANNI</b>	<b>10</b>
<b>ÁBYRGÐ STJÓRNARMANNA OG INNRI ENDURSKOÐUN</b>	<b>11</b>
<b>PISTILL STJÓRNAR</b>	<b>16</b>

## MOLAR FRÁ FRÆDSLUNEFND FIE

### FÉSBÓKARSÍÐA FRÆDSLUNEFNDAR FIE

Fræðslunefnd FIE hefur stofnað fésbókarsíðu þar sem félagsmenn geta meðal annars skipst á skoðunum og fróðleik varðandi innri endurskoðun.

Jafnframt er hægt að nota síðuna til að koma ábendingum og tillögum á framfæri við fræðslunefnd FIE.

### ALÞJÓÐLEG RÁÐSTEFNA IIA

Árið 2011 fagna IIA, alþjóðleg samtök innri endurskoðenda, 70 ára afmæli. Árleg sumarráðstefna verður að þessu sinni haldin í Malasíu.

### UNDIRBÚNINGSHÓPUR FYRIR FAGGILDINGAR PRÓF

Í febrúar hittist hópur félagsmanna sem stefnir á próftöku vegna faggildingar sem innri endurskoðendur.

Á fundinum miðlaði fólk reynslu og áætlunum varðandi undirbúning fyrir prófin. Ákveðið var að nýta fésbókarsíðu fræðslunefndar til frekari samskipta.

### KYNNINGARFUNDUR IIA VARÐANDI CIA PRÓFIN

Miðvikudaginn 9. mars hélt IIA netfund þar sem undirbúningur fyrir faggildingarpróf í innri endurskoðun (CIA) og próftakan sjálf var kynnt. Fram kom á fundinum að þetta efni verður gert aðgengilegt á heimasíðu samtakanna, [www.theiia.org](http://www.theiia.org). Jafnframt var kennsluefni IIA kynnt.

Kynningarefni er hægt að nálgast á heimasíðu samtakanna, [www.theiia.org](http://www.theiia.org).



## FRÆDSLUFUNDIR FIE

### TÖLVUSTUDD GAGNAGREINING Í ENDURSKOÐUN.

Á janúarfundi FIE var sérhannaður hugbúnaður til gagnagreiningar í endurskoðun kynntur og farið yfir hvernig megi nýta slíkan hugbúnað í innri endurskoðun.

Fyrirlesarar voru tveir, þeir Páll Árnason innri endurskoðandi hjá BYR og Albert Ólafsson hjá Ríkisendurskoðun.

### ENDURSKOÐUNAR- ÁÆTLANIR—VÍTT OG BREITT.

Fyrirlesarar á febrúarfundi FIE voru einnig tveir. Hallur Símonarson, innri endurskoðandi Reykjavíkurborgar, fjallaði meðal annars um þróun verklags við gerð endurskoðunaráætlunar hjá innri endurskoðun Reykjavíkurborgar og fór yfir aðferðafræði við val verkefna. Kristín Baldursdóttir, forstöðumaður

innri endurskoðunar hjá Landsbankanum, dró upp mynd af áætlunargerð innri endurskoðunar Landsbankans, þ.e. 3ja ára áhættumiðaðri áætlun og undiráætlunum sem henni tengjast.

### Glærur á heimasíðu FIE

Á heimasíðu FIE má finna fróðlegar og vandaðar glærur frá fyrirlesurum.

## INNRI ENDURSKOÐUNAR- DAGUR FIE

25. MARS 2011

## AÐGERÐIR TIL VARNA GEGN SVIKSEMI

Greinarhöfundur  
Lilja Steinþórsdóttir

Greinin byggir á fyrirlestrum um sviksemi sem fluttir voru af höfundu hjá Félagi um innri endurskoðun og Félagi löggiltra endurskoðenda á árinu 2009.

Umfjöllunarefnið hér er hvaða skipulagi og aðgerðum má koma á til þess að varnir gegn sviksemi í fyrirtækjum sé áhrifamikil. Reynt er að varpa ljósi á heildarmyndina, þ.e. fjalla um hlutverk stjórnar, endurskoðunarnefnda og stjórnenda í því ferli. Umfjöllunin byggir á rannsóknum á sviksemi og vörnum gegn henni í fjármálafyrirtækjum en auðvelt er að heimfæra hana upp á önnur fyrirtæki.


Meint sviksemi af ýms konar toga er mikið í umræðunni hér á landi þessi árin. Raunveruleg dæmi eru ekki tekin til þess að varpa ljósi á efnið, en stuðst við rannsóknir og eigin reynslu í vörnum gegn sviksemi.

## SKILGREINING Á SVIKSEMI

Orðið sviksemi (e. fraud) er notað um sérhvern þann verknað sem framinn er til þess að ná fram ólöglegum og/eða ósanngjörnum hagnaði. Sviksemi er mjög víðtækt hugtak sem nær yfir brot á lögum og reglum, innri reglum og væntingum markaðarins og almennings á því hvað telst vera siðlegt athæfi. Dæmi um sviksemi eru: röng framsetning uppgjöra, misnotkun eigna, faldar skuldir eða kostnaður, mútur, innherjavíðskipti, markaðsmisnotkun ofl. ofl. Settur hefur verið fram svokallaður sviksemis-príhyrningur. Atriði sem hann sýnir eru talin undirstöðuatriði í sviksemi einstaklings. Hér er átt við þrýsting á einstaklinginn vegna aðstæðna hans bæði innan fyrirtækis og utan þess. Jafnframt er átt við tækifæri sem hann hefur til þess að stunda sviksemi og

réttlætningin sem starfsmaðurinn notar fyrir svikseminni. Með því að fyrirtæki beini vörnum að ofangreindum atriðum má minnka líkur á sviksemi. Í heimildum um sviksemi er lögð áhersla á eftirtalin atriði sem talin eru koma í veg fyrir sviksemi. Þau eru í fyrsta lagi að vanda til við ráðningu starfsfólks. Það má gera með ýmsum hætti svo sem með öflun sakavottorða, fjárhagslegra upplýsinga, meðmæla og vandaðra ráðningaviðtala. Ekki er nóg að gera þetta aðeins við ráðningu heldur þarf að endurtaka eftirlitið með reglubundnu millibili. Jákvætt vinnuumhverfi þar sem lögð er áhersla á siðareglur og réttlátt launakerfi minnkar líkur á sviksemi. Innri eftirlitskerfi, aðgreining starfa og aðgangsmál eru nauðsynlegur þáttur í sviksemisvörnum. Innri og ytri endurskoðendur þurfa að huga að endurskoðunar- aðgerðum sem beinast að hugsanlegri sviksemi. Að

Orðið sviksemi (e. fraud) er notað um sérhvern þann verknað sem framinn er til þess að ná fram ólöglegum og/eða ósanngjörnum hagnaði.



Myndin hér til hliðar sýnir hvernig helstu varnir gegn sviksemi virka saman.

Figure 1 – Preventing Fraud, Albrect & Albrect p.75

## AÐGERÐIR TIL VARNA GEGN SVIKSEMI – FRAMHALD

lokum þarf að liggja ljóst fyrir hvernig tekið er á öllum brotum.

### HELSTU VARNIR GEGN SVIKSEMI

Á blaðsíðu 2 má sjá mynd sem sett hefur verið fram til að sýna hvernig helstu varnir gegn sviksemi virka saman. Fyrri ferlinn til vinstri sýnir helstu atriði þess hvernig á að skapa jákvætt og opið umhverfi innan fyrirtækis. Þar er um að ræða ráðningu starfsfólks, gott vinnu-umhverfi, setningu siða-reglna og aðstoð við starfsmenn sem á þurfa að halda.

Seinni ferillinn sýnir helstu atriði sem þurfa að vera til staðar til þess að fækka tækifærum til sviksemi. Þar er verið að tala um að koma á árangursríku innra eftirliti, koma í veg fyrir innbyrðis leynimakk, kynna gildi og reglur fyrirtækisins fyrir starfsfólki, birgjum og úthýsingaraðilum, reglubundið eftirlit með starfsmönnum, koma upp gjallarhornum (e. hotlines/whistleblowing), upplýsa starfsmenn um aðgerðir við brotum og að lokum endurskoða (bæði innri og ytri) með tilliti til sviksemi.

Fjármálaeftirlitið fór fram á það í byrjun árs 2009 í dreifibréfi til allra fjármála-fyrirtækja að þau kæmu sér upp raunhæfum úrræðum og ferlum þar sem starfsmönnum væri gefinn kostur á að koma á framfæri ábendingum um hugsanlegt misferli. Einnig var bent á að

Fjármálaeftirlitið hefði komið sér upp gjallarhorni fyrir þá sem ekki treystu sér til þess að koma með ábendingar um sviksemi innan fyrirtækjanna.

Helstu varnir gegn sviksemi í fyrirtækjum fela neðangreint í sér og er fjallað hér á eftir um nokkur atriði þeirra.

1. Skýr skilaboð frá stjórn varðandi sviksemi.
2. Skilgreind ábyrgð á aðgerðum gegn sviksemi.
3. Skilgreint eftirlitshlutverk endurskoðunarnefndar.
4. Skýrsluskil um aðgerðir og atvik.
5. Áhættugreining á sviksemisleiðum.
6. Kerfi, verkferlar og innra eftirlit.
7. Áætlun um aðgerðir ef upp kemur grunur um sviksemi.

### Könnun Financial Supervisory Authority (FSA), UK

Skortur er á gögnum frá Íslandi um sviksemismál þannig að það er athyglisvert að sjá hvað gert hefur verið af rannsóknum erlendis.

Hér á eftir er umfjöllun um rannsókn Fjármálaeftirlitsins í Bretlandi sem gerð var á árinu 2005. Þessi rannsókn var gerð til þess að mynda grunn að reglum um þessi mál síðar. FSA rannsakaði 7 þætti í aðgerðum gegn sviksemi hjá 16 fjármála-fyrirtækjum og váttryggingafélögum:

1. Skoðuð var aðkoma stjórnenda fyrirtækjanna þ.e. hvernig þeir tækju þátt í aðgerðum og eftirliti gegn sviksemi og meðhöndlun sviksemismála.
2. Athugað var hvernig staðið væri að skipulagningu mála og reglusetningu innan fyrirtækja varðandi sviksemi.
3. Hvernig staðið væri að söfnun upplýsinga innan fyrirtækisins um sviksemisatvik og hvernig staðið væri að dreifingu upplýsinga innan fyrirtækis um þau.
4. Hvernig staðið væri að áhættugreiningu á sviksemisleiðum og hvort og þá hvernig hefði verið sett niður áhættuviðmið um hversu mikla áhættu félögin væru tilbúin til að taka.
5. Hvort til staðar væru ferlar, reglur og innra eftirlit til þess að hindra sviksemi og til að afgreiða mál sem upp kynnu að koma.
6. Hvort til staðar væri samstarfsvettvangur fjármála-fyrirtækja sem safnaði og dreifði upplýsingum um hugsanlegar sviksemisleiðir.
7. Hvort og þá hvernig viðskiptavinir væru upplýstir um varnir gegn sviksemi.

**Fjármálaeftirlitið  
fór fram á það í  
byrjun árs 2009  
að fjármála-  
fyrirtæki kæmu  
sér upp  
raunhæfum  
úrræðum og  
ferlum þar sem  
starfsmönnum  
væri gefin kostur  
á að koma á  
framfæri  
á bændingum um  
hugsanlegt  
misferli.**

## AÐGERÐIR TIL GEGN VARNA SVIKSEMI - FRAMHALD

Greinarhöfundur  
Lilja SteinþórsdóttirMegin niðurstöður könnunar  
FSA leiddu eftirfarandi í ljós:

- ◆ Stjórnir virtust almennt ekki taka þátt í aðgerðum varðandi skipulagningu sviksemismála heldur treysta á endurskoðunarnefndir ef þær voru fyrir hendi eða á stjórnendum til að sjá um þessi mál. Í mörgum tilfellum var ekki ljóst hver bæri ábyrgð á sviksemismálum innan fyrirtækjanna.
  - ◆ Varðandi skipulag. Í ljósi æ fleiri svikamála hafði verið gripið til ráðstafana til þess að koma skipulagi á aðgerðir gegn sviksemi, en langt var í land að gera þau mál að hluta af eftirlitsumhverfinu. Þau fyrirtæki sem höfðu gengið í málin á skipulagðan hátt sýndu árangur í fækkun sviksemismála. Mest var þetta gert innan þess ramma sem fyrir var í fyrirtækjum um skýrslugjöf og innra eftirlit. Í ljós kom að áhersla var á að sviksemisvarnir væru hluti af reglubundnu innra eftirliti.
  - ◆ Án nákvæmrar upplýsingasöfnunar um sviksemi geta fyrirtæki ekki metið með áreiðanlegum hætti hvort sviksemisáhætta er til staðar. Almenn kom í ljós þokkaleg söfnun á upplýsingum og dreifing þeirra innan fyrirtækjanna. Upplýsingar um sviksemisáhættur fara inn í reglulega skýrslugjöf rekstraráhættu um fjárhagslegt tap, fjölda atvika og orsakir svika ásamt þeim fyrirbyggjandi atriðum sem gripið hefur verið til. Lögð var áhersla á að færa tap af sviksemi ekki meðal annara liða í fjárhagsbókhalda heldur gera það sýnilegt með því að halda því sérgreindu. Einnig að mikilvægt væri að öll sviksemistilvik færu inn í tapsgrunn.
  - ◆ Áhættugreining og áhættuviðmið. Lítið hefur verið gert í að skilgreina þá sviksemisáhættu sem fyrirtæki er tilbúið til að taka. Áhættugreining á sviksemisleiðum er yfirleitt framkvæmd með rekstraráhættugreiningu. Í þróun var hjá mörgum að gera sérstaka greiningu á sviksemisleiðum og út frá því útbúa áhættumarkmið.
  - ◆ Kerfi, verkferlar og innra eftirlit. Meðal margra fyrirtækja voru ýmis kerfi og eftirlitsaðgerðir viðhafðar til varna gegn sviksemi. Einnig kom í ljós að þeir sem ekki fjárfesta í slíku voru líklegri til að lenda í tjóni vegna sviksemi. Varðandi kredit- og deitkorta viðskipti var þetta lengst á veg komið. Nokkur fyrirtæki, aðallega þau sem töldu sig sérstaklega viðkvæm fyrir svikum, lögðu mikla áherslu á eftirfarandi eftirlitsþætti:
    - Nákvæma skimun á mönnum og viðskiptavinum.
    - Aðgreiningu starfa.
    - Stranga aðgangsstyringu að kerfum.
    - Margfalt eftirlit með peninga- og verðbréfa-færslum.
    - Daglegar afstemmingar á öllum verðmætahreyfingum.
    - Nákvæmt eftirlit stjórnenda með öllum frávikum.
- 15 af 16 fyrirtækjunum sem skoðuð voru höfðu komið sér upp gjallarhorni til þess að auðvelda starfsmönnum að láta vita af gruni um svik. Oftast var það regluvarsla, lögfræðisvið eða starfsmannasvið sem sá um það kerfi. Öll fyrirtækin voru með athugun á umsækjendum um starf og flest voru að herða það eftirlit verulega. Ekki nærri öll voru með eftirlit á starfsmönnum eftir ráðningu. Í sumum tilfellum fór fram nýtt mat ef starfsmaður flutti á milli starfa. Eftirlit með nýráðningum var talið skipta mjög miklu og einnig kröfðust sum félög að starfsmenn úthýsingarfyrirtækja gengu í gegnum sama nálarauga og þeirra starfsmenn.
- ◆ Samstarf fjármálafyrirtækja. Í könnun FSA kom í ljós að töluvert upplýsingaflæði var milli fjármálafyrirtækja um

Í mörgum tilfellum var ekki ljóst hver bæri ábyrgð á sviksemismálum innan fyrirtækjanna.

Án nákvæmrar upplýsingasöfnunar um sviksemi geta fyrirtæki ekki metið með áreiðanlegum hætti hvort sviksemisáhætta er til staðar.

## ADGERÐIR TIL VARNA GEGN SVIKSEMI – FRAMHALD

sviksemisáhættur. Þetta samstarf var bæði formlegt í gegnum félög og einnig óformlegt í gegnum tengslanet framkvæmdastjóra, innri endurskoðenda, regluvarða og starfsfólks í áhættustýringu.

- ◆ Vaxandi áhætta er af ytri sviksemi. Mikilvægt er að viðskiptavinir séu meðvitaðir um öryggi. Í könnuninni kom í ljós að oft eru misvísandi áherslur þeirra sem sjá um markaðsmál og þeirra sem sjá um öryggi. Viðskiptavinir voru taldir geta fælst frá ef of miklar öryggjaskröfur væru gerðar til þeirra.

### HLUTVERK OG ÁBYRGÐ STJÓRNAR

Rannsóknarefni FSA eru samhljóða þeim atriðum sem fram koma í öðrum heimildum um hver áhersluatriðin eru í aðgerðum gegn sviksemi.

Eins og fram kom í könnuninni þá er hlutverk stjórna í aðgerðum gegn sviksemi ekki alltaf á hreinu. Í þeim tilfellum þar sem endurskoðunarnefnd er til staðar, felst hlutverk stjórna í því að setja fyrirtækinu stefnu í sviksemismálum. Gefa tóninn á því sviði. Í þessari stefnumörkun ættu eftirfarandi sex atriði að koma fram:

1. Skilgreining á sviksemi, bæði innri og ytri.
2. Hlutverk og ábyrgð endurskoðunarnefnda og stjórna.

3. Hlutverk og ábyrgð starfsmanna í að fara eftir reglum og tilkynna allan grun um sviksemi og veikleika í reglum.

4. Hlutverk og ábyrgð regluvörslu/lögfræðideildar, áhættustýringar og innri endurskoðunar.

5. Skýrslugjöf um sviksemi og um innfærslu atvika í tapsgrunn.

6. Skipulagðar rannsóknir á sviksemismálum.

Stjórnin setur einnig siðareglur fyrir félagið sem gefur tóninn til stjórna og annarra starfsmanna. Stjórnin tryggir gott starfs-umhverfi í félaginu. Sýnt hefur verið fram á að starfs-umhverfið hefur mikil áhrif á hvort starfsmenn telja sig geta réttlætt sviksemi gagnvart vinnuveitandanum. Erlendar rannsóknir hafa sýnt að um 70% af starfsmönnum fyrirtækjum er annað hvort sama um vinnustaðinn (53%) og/eða önnur kafnir við að grafa undan starfi annarra starfsmanna og þar með vinnuveitandanum (17%).

### EFTIRLITSHLUTVERK ENDURSKOÐUNARNEFNDA

Þann 1. janúar 2009 tóku gildi ákvæði í lögum um ársreikninga um skipan endurskoðunarnefnda í öllum einingum sem tengjast almannahagsmunum. Þetta þýðir að koma þurfti á fót endurskoðunarnefnd í síðasta lagi eftir aðalfundi 2009 í eftir-

farandi fyrirtækjum:

1. Í öllum fyrirtækjum sem eru með skráð lögheimili á Íslandi og hafa verðbréf sín skráð á skipulegum verðbréfamarkaði í ríki innan evrópska efnahags-svæðisins.
2. Lífeyrissjóðum sem hafa fullgilt starfsleyfi.
3. Lánastofnunum eins og lög nr. 161/2002 skilgreina þær.
4. Vátryggingafélögum.

Það er ljóst að við gildistöku þessara laga fjölgaði endurskoðunarnefndum hér á Íslandi til muna frá því sem verið hafði. Stjórnir þessara félaga hafa því þurft að móta sitt hlutverk og endurskoðunarnefndanna meðal annars með tilliti til hugsanlegrar sviksemi í starfsemi.

Eitt af hlutverkum endurskoðunarnefnda er að hafa eftirlit með því að sviksemis-áhætta sé greind og eftirlit sé haft með henni. Endurskoðunarnefndinni ber að spyrja reglulega um hvort varnir séu til staðar í starfsemi til þess að koma auga á tilraunir til sviksemi og hvort sé gripið til viðeigandi ráðstafanna ef grunur er um sviksemi.

Ytri endurskoðendum ber samkvæmt alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum að endurskoða með tilliti til þess hvort sviksemi geti verið til staðar við gerð uppgjóra.

Stjórnin setur siðareglur fyrir félagið sem gefur tóninn til stjórna og annarra starfsmanna.

Erlendar rannsóknir hafa sýnt að um 70% af starfsmönnum fyrirtækjum er annað hvort sama um vinnustaðinn (53%) og/eða önnur kafnir við að grafa undan starfi annarra starfsmanna og þar með vinnuveitandanum (17%).

## AÐGERÐIR TIL VARNA GEGN SVIKSEMI—FRAMHALD

Endurskoðunarnefnd þarf að rækja skyldu sína gagnvart þeim og fá yfirlit hjá þeim fyrir hverja endurskoðun um hvað gera eigi í endurskoðuninni varðandi sviksemi og eftir endurskoðun um hvort eitthvað hafi komið í ljós.

Til þess að geta rækt eftirlitshlutverkið þarf endurskoðunarnefndin meðal annars að hafa heildaryfirlit yfir starfseminna, þekkja helstu áhættur í starfseminni, vita hvaða stefnur og reglur hafa verið settar varðandi sviksemis-áhættu, þekkja helstu reikningsskilaaðferðir og ferlið í kringum afstemmingar og uppgjör.

Endurskoðunarnefndin þarf að spyrja stjórnendur með hvaða hætti þeir nálgast ábyrgð sína og eftirlitshlutverk með það fyrir augum að koma auga á sviksemi.

Hefur verið gerð áhættugreining á sviksemisleiðum og komið á viðeigandi eftirlitsaðgerðum í kjölfarið? Hvað er gert til að kom í veg fyrir að fjárhagslegar upplýsingar séu rangar. Er gripið til viðeigandi ráðstafana til þess að hindra misnotkun á eignum?

Spurningar til ytri endurskoðenda fyrir endurskoðun lúta að því að hversu miklu leyti endurskoðuninni er beint að því kanna hugsanlega sviksemi? Hvaða ráðstafanir hafa ytri endurskoðendur gert til þess að varpa ljósi á sviksemi við gerð ársreiknings? Hvar ætla þeir helst að bera niður

vegna aukinna líka á sviksemi? Spurningar til ytri endurskoðenda eftir endurskoðun: Var einhver hegðun til staðar við uppgjör/ endurskoðunina sem gæti bent til sviksemi? Hvaða mat hafa ytri endurskoðendur lagt á fylgni við lög og reglur í starfseminni?

Gagnvart innri endurskoðun ætti endurskoðunarnefndin að tryggja að árleg endurskoðunarátætlun innri endurskoðunar taki til athugana á sviksemisleiðum. Hún ætti einnig að fylgjast með hvað hefur komið út úr þeim skoðunum.

#### HLUTVERK OG ÁBYRGÐ STJÓRNENDA

Lítum nú á hlutverk stjórnenda. Þar má nefna:

1. Að sjá til þess að áhættugreining fari fram á öllum sviðum með tilliti til hugsanlegra sviksemisleiða og í kjölfarið þar sem það á við, styrkingu innra eftirlits. Upptalning hér á eftir sýnir dæmi um hugsanlega niðurstöðu áhættugreiningar um almenn atriði í aðgerðum gegn sviksemi.
2. Þjálfun og kynningum fyrir starfsfólk þar með talið að koma upp gjallarhorns kerfi.
3. Regluleg skimun á starfsmönnum til þess að fylgja eftir upphaflegri könnun sem gerð var við ráðningu.

4. Eftirlit með því að hvorki starfsmenn né stjórnendur hunsi eftirlitsaðgerðir og reglur.
5. Tryggja að aðgangsstýringar að kerfum og húsnæði séu með viðeigandi hætti.
6. Fylgjast með niðurstöðum á könnunum innri endurskoðunar á sviksemi.
7. Tryggja að upplýsingar sem fara í tapsgrunn séu notaðar.
8. Regluleg skýrslugjöf og afgreiðsla sviksemismála eftir fyrirfram samþykktum aðferðum.

#### Áhættugreining – hugsanleg niðurstaða

- Almennur skortur á meðvitund um hugsanlega sviksemi.
- Enginn kvartanaferill/ gjallarhorn til staðar.
- Slægt eftirlit með vinnutíma.
- Siðareglur ekki haldnar eða ekki fyrir hendi.
- Ónóg eftirlit með nyrðningum og úthýsingaraðilum.
- Stjórnendur fara ekki eftir reglum.
- Ónóg aðgangsstýring (tölvukerfi/húsnæði).
- Misnotkun trúnaðarupplýsinga.
- Eignavarsla ekki í lagi.
- Afstemmingar ekki í lagi.

Endurskoðunarnefndin þarf að spyrja stjórnendur með hvaða hætti þeir nálgast ábyrgð sína og eftirlitshlutverk með það fyrir augum að koma auga á sviksemi.

Gagnvart innri endurskoðun ætti endurskoðunarnefndin að tryggja að árleg endurskoðunarátætlun innri endurskoðunar taki til athugana á sviksemisleiðum.

## AÐGERÐIR TIL VARNA GEGN SVIKSEMI—FRAMHALD

### Viðbrögð gætu verið þessi:

1. Auka meðvitund stjórnar, endurskoðunarnefnda, stjórnenda og starfsmanna með því að setja siðareglur, setja stefnu stjórnar og koma á fræðslu um þessi mál.
2. Setja upp formlegan kvartanaferil þar sem allar kvartanir eru skráðar og flokkaðar og unnið úr þeim. Setja upp gjallarhorn.
3. Fylgjast með vinnutíma, sumarfríum og opnun kerfa/húsnæðis í fríum og utan venjulegs vinnutíma.
4. Stjórnendur sýni gott fordæmi.
5. Auka eftirlit með starfsmönnum með því að gera það með reglu-

bundnum hætti eftir ráðningu, sérstaklega hjá starfsfólki í viðkvæmum störfum. Íhuga aukið eftirlit með starfsfólki úthýsingaraðila.

6. Leggja áherslu á að farið sé eftir reglum þrátt fyrir mikilvægi mála og/eða tímaleysi við afgreiðslu.
7. Skrá og vernda eignir.
8. Koma upp „eigendum“ að öllum afstemmingum og reglubundnu eftirliti með því að vinna við uppgjör sé fullnægjandi.

Myndin hér að neðan sýnir dæmi um aðgerðaráætlun sem gripið er til ef upp kemur grunur um sviksemi.

Sviksemisteymi, sem í er t.d. stjórnandi, regluvörður og fleiri, skipa rannsóknarhóp

eftir eðli rannsóknarinnar sem skilar af sér niðurstöðu um málið til framkvæmdastjóra og/eða starfsmannastjóra sem tekur endanlega ákvörðun um afgreiðslu máls.


### SAMANTEKT

Helstu aðgerðir gegn sviksemi í fyrirtækjum eru:

1. Skýr skilaboð frá stjórn.
2. Skilgreind ábyrgð á aðgerðum gegn sviksemi.
3. Skilgreint eftirlitshlutverk endurskoðunarnefndar.
4. Skýrsluskil um aðgerðir og atvik.
5. Áhættugreining á sviksemisleiðum.

Þetta má setja upp á annan hátt þar sem helstu aðilar sem bera ábyrgð á vörnum fyrirtækis koma við sögu.

Myndin hér að neðan sýnir dæmi um aðgerðaráætlun sem gripið er til ef upp kemur grunur um sviksemi.



## AÐGERÐIR TIL VARNA GEGN SVIKSEMI-FRAMHALD

Taflan hér að neðan sýnir fyrirbyggjandi aðgerðir, uppljóstrun og afgreiðslu sviksemismála og meginatriðin sem þurfa að vera til staðar til þess að varnarkerfi virki sem skyldi.

Fyrirbyggjandi aðgerðir	Uppljóstrun	Afgreiðsla mála
Eftirlitshlutverk stjórnna og endurskoðunarnefnda Hlutverk stjórenda Innri endurskoðun, regluvarsla og áhættustýring		
Áhættugreining	Gjallarhorn	Leiðbeiningar um afgreiðslu sviksemismála
Siðareglur	Endurskoðun og reglu-bundið eftirlit	Leiðbeiningar um viðbrögð
Setning reglna og fylgni við þær	Greining gagna (e. forensic data analysis)	Reglur um skýrslugjöf
Dreifing upplýsinga og fræðsla		Reglur um styrkingu á innra eftirliti
Innra eftirlit		

Taflan hér til hliðar sýnir fyrirbyggjandi aðgerðir, uppljóstrun og afgreiðsla sviksemismála og meginatriðin sem þurfa að vera til staðar til þess að varnarkerfi virki sem skyldi.

## Heimildir

- ◆ FSA, February 2006. Firm's HIGH - Level Management of Fraud Risk. <http://www.fsa.gov.uk/pages/Library/Communication/PR/2006/014.shtml>;
- ◆ International Standard on Auditing (UK and Ireland) 240. "The auditor's responsibility to consider fraud in an audit of financial statements";
- ◆ International Auditing and Assurance Standards Board (IAASB);
- ◆ Auditing Standards Board of the American Institute of Certified Public Accountants. "Statement on Auditing Standards No. 99: Consideration of Fraud in Financial Statements Audit (SAS 99)";
- ◆ Standards Australia, AS 8001-2008. "Fraud and Corruption Control";
- ◆ Harry Cendrowski, James P. Martin, Louis W. Petro. "The Handbook of Fraud Deterrence". John Wiley & Sons, Inc., 2007;
- ◆ Tommie W. Singleton, Aaron J. Singleton, G. Jack Bologna, Robert J. Lindquist. "Fraud Auditing and Forensic Accounting". John Wiley & Sons, Inc., 2006;
- ◆ Albrecht & Albrecht. "Fraud examination & Prevention". Thomson, South-Western, 2004;
- ◆ Louis Braiotta Jr. "The Audit Committee Handbook". John Wiley & Sons, Inc., 2004;
- ◆ The IIA Research Foundation, 2007. "The Professional Practices Framework";
- ◆ Martin T. Biegelman, Joel T. Bartow. "Executive Roadmap to Fraud Prevention and Internal Control, Creating a culture of compliance". John Wiley and Sons, 2006;
- ◆ Lög um ársreikninga nr. 3/2006.



## ÚTTEKT Á STJÓRNARHÁTTUM FYRIRTÆKJA

Viðskiptaráð Íslands, Samtök atvinnulífsins, NASDAQ OMX á Íslandi og Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti við Háskóla Íslands hafa gert með sér samstarfssamning sem felur í sér að öllum fyrirtækjum gefst tækifæri til að undirgangast formlegt mat á starfsháttum stjórnar og stjórnenda.

Rannsóknarmiðstöðin mun sjá um framkvæmd matsins, en matsferlið mun í meginatriðum byggja á leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem VÍ, SA og Kauphöllin gefa út.

Þeim fyrirtækjum sem standast matsferlið að mati Rannsóknarmiðstöðvarinnar verður veitt viðurkenning þar að lútandi sem þau geta

notað í starfi sínu í eitt ár frá veitingu hennar.

Fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum er fyrirtæki sem nýtir sér góða stjórnarhætti sem tæki til þess að efla skilvirkni og ákvörðunartöku stjórnar og framkvæmdastjóra.

Á heimasíðu VÍ má finna nánari upplýsingar.

Öllum fyrirtækjum gefst tækifæri til að undirgangast formlegt mat á starfsháttum stjórnar og stjórnenda.

## INNRI ENDURSKOÐUNARDAGUR – 25. MARS 2011

Innri endurskoðunardagur FIE 2011 verður haldinn 25. mars næstkomandi. Ráðstefnan verður haldin í Turninum í Kópavogi og hefst kl. 8:30. Fjallað verður um hvernig til hefur tekist í uppbyggingu á Íslandi eftir hrunið og varða fyrirlestrarnir einkum siðferði, stjórnarhætti, hlutverk endurskoðunarnefnda og endurskoðenda.

Fyrirlesarar verða m.a. Dr. Finnur Oddsson framkvæmdastjóri viðskiptaráðs, Dr. Þórunn Jónsdóttir, framkvæmdastjóri samskiptasviðs Auðar Capital, Páll Gunnar Pálsson forstjóri Samkeppniseftirlitsins, Þróstur Olaf Sigurjónsson lektor hjá viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík, Rúnar Guðmundsson,

sviðsstjóri hjá Fjármálaeftirlitinu og Sigurður Þórðarson fv. Ríkisendurskoðandi, en hann situr í stjórnnum nokkurra fyrirtækja auk þess að vera formaður nefndar um málefni endurskoðenda sem starfað hefur á vegum efnahags- og viðskiptaráðuneytisins.

## SAMSTARF MILLI ECIIA OG EUROSAI

ECIIA, Evrópusamtök innri endurskoðenda, og EUROSAI, Evrópusamtök ríkisendurskoðana, hafa gert með sér samstarfssamning sem felur meðal

annars í sér sameiginlegar rannsóknir auk þess sem samtökin munu samnýta upplýsingar og krafta. Framþróun með samstarfi (Progress through sharing)

er meðal markmiða samtakanna og er samstarfssamningur þessi í fullu samræmi við það markmið.

(sjá nánar <http://www.issai.org/cosite-194.htm>)

## FAGLEGT EFNI Í FRÉTTABLAÐ FIE

Fræðslunefnd biðlar til áhugasamra félagsmanna og hvetur þá til að skrifa greinar fyrir fréttablaðið.

Jafnframt bendum við á að þeir sem hafa hlotið faggingingu sem innri endurskoðendur fá slík greina-skrif metin til endurmenntunarpunkta (CPE).

Við hvetjum áhugasama til að hafa samband við fræðslunefndina með því að senda tölvupóst á netfangið [fie@fie.is](mailto:fie@fie.is), merkt fræðslunefnd

Fræðslunefnd biðlar til áhugasamra félagsmanna og hvetur þá til að skrifa greinar fyrir fréttablaðið.

## KYNNING Á FÉLAGSMANNI: SIF EINARSDÓTTIR, YFIRMAÐUR ÁHÆTTUÞJÓNUSTU DELOITTE OG GJALDKERI Í STJÓRN FIE

Sif Einarasdóttir hefur setið í stjórn Félags um innri endurskoðun (FIE) frá árinu 2007 og gegnir þar hlutverki gjaldkera stjórnar. Meðal annars hefur hún séð um ársreikningsgerðina fyrir félagið og séð um innheimtu félagsgjalda auk þess að taka þátt í almennum stjórnarstörfum. Eitt af hlutverkum stjórnar félagsins er að skipuleggja hinn árlega innri endurskoðunardag, en það er ein af skemmtilegri hliðum stjórnarstarfsins að mati Sifjar. Auk þess er afskaplega áhugavert að kynnast því að vinna með nýju fólki, og segist hún mæla með því að félagsmenn sækist eftir því að vinna í innra starfi FIE.

Sif er löggiltur endurskoðandi síðan 1999 og sat m.a. í gæðanefnd Félags löggiltra endurskoðenda í fjögur ár og kenndi einn vetur uppgjör og skattskil í Háskólanum í Reykjavík í stundakennslu. Sif réði sig fyrst sem endurskoðunarnemi til Löggiltra endurskoðenda hf. árið 1994 eftir útskrift sem Cand. Oecon úr viðskiptafræði Háskóla Íslands. Síðar sameinaðist sú endurskoðunarstofa Deloitte hf. Sif vann við ytri endurskoðun hjá Deloitte í 10 ár og sinnti einnig kennslu í endurskoðun hjá Deloitte með áherslu á kannanir á innra eftirliti. Hún hefur sérhæft sig í innri endurskoðun frá árinu 2004 og hefur frá þeim tíma stýrt innri endurskoðunarþjónustu hjá Deloitte, en Deloitte hefur rekið innri endurskoðunarþjónustu í

deild áhættuþjónustu allt frá árinu 2001. Hjá Deloitte á alþjóðavísu er þekkt að ytri endurskoðendur sérhæfi sig og snúi sér að innri endurskoðun, sem er ekki síður áhugavert og skemmtilegt starf heldur en ytri endurskoðun. Deloitte veitir innri endurskoðunarþjónustu til fyrirtækja sem vilja útvísta innri endurskoðun og veitir jafnframt þjónustu á sviði ráðgjafar og stuðnings til innri endurskoðunar stærri og smærri fyrirtækja. Í deild Sifjar starfa innri endurskoðendur (CIA), endurskoðendur, endurskoðendur upplýsingakerfa (CISA), auk annarra háskólamenntaðra sérfræðinga.

Eins og félagsmenn í FIE vita þá er innri endurskoðun fjölbreytt og skemmtilegt starf (öfugt við það sem stundum er grínast með af aðilum sem ekki þekkjast til!). Þeir sem starfa við innri endurskoðun þurfa að hafa þekkingu á góðum stjórnarháttum, verkefnum endurskoðunarnefnda, áhættustjórnun, innra eftirliti, upplýsingakerfum, lögum og reglum sem snúa að fyrirtækjum, regluverki fjármálaeftirlits og svo mætti lengi telja. „Það er því ekki mikil hætta að manni leiðist í vinnunni“, segir Sif.

Sif á þrjú börn á aldrinum 12, 9 og 3 ára með eiginmanni sínum, Ragnari

Sverrissyni verkfræðingi hjá Össuri hf.

Áhugamálin eru aðallega að vera með fjölskyldunni, „því frítími er oft naumur og þá þarf maður að forgangsraða“, segir hún. Ekki má heldur gleyma vinkonum og saumaklúbbum þar sem er nauðsynlegt að mæta reglulega. Hún segist eiga handavinnu inni í skáp, sem hún tekur stundum fram og horfir á. Það er þó eitt áhugamál sem Sif segist hafa sinnt af einhverjum krafti undanfarin ár og það eru göngutúrar úti í náttúrunni og skíði. Á sumrin vill hún helst vera í sveitinni, í tjaldi eða sumarbústað og reynir að vera sem mest á Íslandi yfir þessa örfáu góðviðrismánuði á ári. Með aldrinum er sprottinn fram aukinn garðáhugi og síðasta sumar var útbúinn matjurtagarður í garðinum í fyrsta skipti og einungis borið fram heimaræktað salat það sumarið. „Svo er stefnan tekin á að planta berjarunnum í garðinn, þegar garðurinn verður tekinn í gegn og hafa þar rifsber og stikilsber, og vera dugleg að sulta“.



### Fæðingarstaður:

Stuttgart, Þýskalandi  
21. nóvember 1970.

### Foreldrar:

Einar P. Ásgeirsson og  
Auður Sigurðardóttir.

### Maki:

Ragnar Sverrisson  
verkfræðingur

### Börn:

Auður 12 ára, Geir 9  
ára og Lára Kristín 3  
ára.

### Menntun:

Stúdent frá  
Verzlunarskóla Íslands  
1990, Cand.Oecon frá  
Háskóla Íslands  
1994, löggilding til  
endurskoðunarstarfa  
1999.

## ÁBYRGÐ STJÓRNARMANNA OG INNRI ENDURSKOÐUN

### YFIRLIT

Markmið þessarar greinar er að varpa ljósi á ábyrgð stjórnarmanna gagnvart framkvæmd og eftirliti með innri endurskoðun og innra eftirliti hjá fyrirtækjum og stofnunum. Farið er almennt yfir ábyrgð stjórnarmanna í fyrirtækjum og þeim lögum og almennum reglum sem ríkja um þá ábyrgð og varða innra eftirlit eða innri endurskoðun. Einnig er farið yfir lögformlegar kröfur um tilvist innri endurskoðunar- deilda og endurskoðunar- nefndir ásamt starfsemi og framkvæmd þeirra.

### LÖG OG REGLUR UM ÁBYRGÐ STJÓRNARMANNA Í FYRIRTÆKJUM

Í kjölfar fjármálahrunsins hafa átt sér stað umræður í þjóðfélaginu um ábyrgð stjórnarmanna og það hefur jafnvel mátt skilja á þeirri umræðu að svo virðist sem sú ábyrgð sé einungis að forminu til og sé í raun engin þegar illa fer. Þessi skynjun almennings er hins vegar ekki studd laga- legum rökum því eins og fram kemur í grein minni er ábyrgð stjórnarmanna tilgreind í mörgum lögum og reglum þar um. Hins vegar er það sjónarmið einnig uppi að þó kannski sé hægt að sækja stjórnarmenn til skaðabótaábyrgðar eða refsíábyrgðar þá er tjón sem hlýst af vanrækslu eða gáleysi þeirra nánast alltaf mun meira en þeir sem persónur geta staðið undir. Sé hins vegar horft til lögformlegra atriða varðandi skyldur stjórnarmanna þá eru starfs-

skyldur þeirra mjög margvíslegar. Í lögum er tilgreint að þeirra starf inniheldur m.a.:

- ◆ Stefnumótun fyrirtækis.
- ◆ Gefa framkvæmdastjóra/ forstjóra fyriræli og stefnu varðandi daglegan rekstur fyrirtækisins.
- ◆ Ráðning framkvæmdastjóra/forstjóra fyrirtækis.
- ◆ Veiting prókúruumboða.
- ◆ Ákvarðanir um ráðstafanir sem eru óvenjulegar eða mikils háttar.
- ◆ Eftirlit með starfsemi félagsins, m.a. eftirlit með bókhaldi og meðferð fjármuna félagsins.
- ◆ Að koma fram út á við fyrir hönd félagsins og rita firma þess.

Séu dómar Hæstaréttar(t.d 206/1999) skoðaðir þá má sjá að rétturinn gerir ráð fyrir því að stjórnarmenn verða að kunna skil á starfsemi félagsins og þeim reglum sem gilda um ákvörðunar- töku í því. Þar að auki er það ljóst að stjórnarmenn geti ekki borið fyrir sig vanþekkingu eða að hafa ekki verið inni í málefnum félagsins og hvað þá að hafa ekki tekið virkan þátt í stjórnun þess. Þar að auki bera allir stjórnarmenn sömu lagalegu ábyrgðina án tillits til menntunar, reynslu eða annarrar sérfræðipækkingar.

Ábyrgð stjórnarmanna varðandi starfsskyldur með

tilliti til innra eftirlits er ekki tilgreint í sérstökum lögum þar um, heldur er að finna slíka tilvísun í mörgum lögum sem og leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem eru gefin út af Viðskiptaráði, Kauphöllinni (Nasdaq OMX Iceland hf.) og Samtökum atvinnulífsins. Einnig má finna tilvísun um ábyrgð stjórnarmanna í leiðbeinandi tilmælum frá Fjármálaeftirlitinu og er þá óvíst um hvort um tæmandi yfirlit sé að ræða. Þau lög og reglur og þau atriði í lögnum sem innihalda beina tilvísun um ábyrgð stjórnarmanna að því að varðar ábyrgð á innra eftirliti eða framkvæmd þess eru m.a.:

### LÖG UM BÓKHALD NR. 145/1994

Ákvæði um aðgang endurskoðenda og skoðunarmanna að bókhaldsgögnum.

### LÖG UM HLUTAFÉLÖG NR. 2/1995

68 gr.

„Félagsstjórn skal annast um að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna félagsins. Framkvæmdastjóri skal sjá um að bókhald félagsins sé fært í samræmi við lög og venjur og meðferð eigna félagsins sé með tryggilegum hætti“.



Greinarhöfundur  
Guðjón Viðar Valdimarsson  
M.Sc., CIA, CISA, CFSA.

Hins vegar er það sjónarmið einnig uppi að þó kannski sé hægt að sækja stjórnarmenn til skaðabóta- ábyrgðar eða refsíábyrgðar þá er tjón sem hlýst af vanrækslu eða gáleysi þeirra nánast alltaf mun meira en þeir sem persónur geta staðið undir.

## ÁBYRGÐ STJÓRNARMANNA OG INNRI ENDURSKOÐUN - FRAMHALD

### LÖG UM ÁRSREIKNINGA NR. 3/2006

#### 3. GR.

„Stjórn og framkvæmdastjóri skulu bera ábyrgð á samningu ársreiknings fyrir hvert reikningsár og skal ársreikningurinn hafa að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi, skýringar og skýrslu stjórnar.“

#### 108. GR. A

„Við einingu tengda almannahagsmunum skal starfa endurskoðunarnefnd.“

„Stjórn einingar ber ábyrgð á skipun endurskoðunarnefndar. Hún skal skipuð þremur mönnum hið minnsta eigi síðar en mánuði eftir aðalfund.“

#### 108. GR. B

„Endurskoðunarnefnd skal meðal annars hafa eftirfarandi hlutverk án tillits til ábyrgðar stjórnar, stjórnenda eða annarra á þessu sviði:

- ◆ Eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila.
- ◆ Eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits einingarinnar, innri endurskoðun, ef við á, og áhættu-stýringu.
- ◆ Eftirlit með endurskoðun ársreiknings og samstæðureiknings einingarinnar.
- ◆ Mat á óhæði endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis og eftirlit með öðrum störfum endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis.

- ◆ Setja fram tillögu til stjórnar um val á endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtæki.“

#### 108. GR. D

„Endurskoðandi eða endurskoðunarfyrtæki skal árlega gera endurskoðunarnefnd grein fyrir störfum sínum og óhæði og skila skriflegri skýrslu um mikilvæg atriði sem fram hafa komið við endurskoðunina. Í skýrslunni skal sérstaklega geta um veikleika í innra eftirliti í vinnuferli við gerð reikningsskila.“

### LÖG UM FJÁRMÁLA- FYRIRTÆKI NR. 161/2002

#### 16. GR. ENDUR- SKOÐUNAR-DEILD

„Í fjármálafyrirtæki skal starfa endurskoðunardeild sem annast innri endurskoðun. Innri endurskoðunardeild skal starfa óháð öðrum deildum í skipulagi fjármálafyrirtækis og er hún hluti af skipulagi þess og þáttur í eftirlitskerfi þess. Starfsmenn innri endurskoðunardeildar skulu sameiginlega búa yfir nægjanlegri þekkingu og reynslu til þess að takast á við verkefni deildarinnar og skal starfsmannafjöldinn endurspegla stærð fjármálafyrirtækis og starfsemi þess. Starfsmenn innri endurskoðunardeildar mega ekki vera hluthafar í viðkomandi fjármálafyrirtæki.“

„Stjórn fjármálafyrirtækis skal ráða forstöðumann endurskoðunardeildar fyrir tækis sem fer með innri endurskoðun í umboði hennar. Hann skal hafa sérþekkingu á sviði innri endurskoðunar, hafa lokið háskólaprófi sem nýtist í starfi og búa yfir nægilegri reynslu til þess að geta sinnt starfi sínu. Hann má ekki hafa verið úrskurðaður gjaldþrota eða hafa í tengslum við atvinnurekstur hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum, samkeppnislögum, lögum um hlutafélög, lögum um einkahlutafélög, lögum um bókhald, lögum um ársreikninga, lögum um gjaldþrotaskipti o.fl. og ákvæðum laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, svo og sérlögum sem gilda um aðila sem lúta opinberu eftirliti með fjármálastarfsemi. Fjármálaeftirlitið getur hvenær sem er tekið hæfi forstöðumanns innri endurskoðunardeildar til sérstakrar skoðunar telji stofnunin tilefni til.“

„Innri endurskoðun skal reglulega gera stjórn og endurskoðunarnefnd grein fyrir starfsemi sinni. Skylt er að taka þær athugasemdir sem forstöðumaður innri endurskoðunar metur mikilvægar fyrir á stjórnarfundum og færa til bókar.“

Starfsmenn innri endurskoðunardeildar skulu sameiginlega búa yfir nægjanlegri þekkingu og reynslu til þess að takast á við verkefni deildarinnar og skal starfsmannafjöldinn endurspegla stærð fjármálafyrirtækis og starfsemi þess

## ÁBYRGÐ STJÓRNARMANNA OG INNRI ENDURSKOÐUN - FRAMHALD

Forstöðumaður innri endurskoðunardeildar hefur rétt til setu á stjórnarfundum þar sem athugasemdir hans eru á dagskrá. Eigi sjaldnar en árlega skal innri endurskoðun gera Fjármálaeftirlitinu grein fyrir niðurstöðum kannana sinna. Auk þess skal innri endurskoðun tilkynna Fjármálaeftirlitinu sérstaklega og án tafar þær athugasemdir sem gerðar hafa verið og sendar stjórn.

### 17. GR. EFTIRLITSKERFI MEÐ ÁHÆTTU.

„Fjármálafyrirtæki skal á hverjum tíma hafa yfir að ráða tryggju eftirlitskerfi með áhættu í tengslum við alla starfsemi sína. Hjá fjármálafyrirtæki skulu vera til staðar fullnægjandi og skjalfestir innri ferlar til að meta nauðsynlega stærð, samsetningu og innri dreifingu eiginfjárgrunns með hliðsjón af þeim áhættum sem starfsemin felur í sér hverju sinni. Innri ferlarnir skulu endurmetnir reglulega til að tryggja að þeir séu fullnægjandi með hliðsjón af eðli, umfangi og margbreytinleika starfseminnar.“

### 19. GR. GÓÐIR VIÐSKIPTAHÆTTIR OG VENJUR

„Fjármálafyrirtæki skal starfa í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti og venjur á fjármálamarkaði. Fjármálaeftirlitið setur reglur um hvað teljist eðlilegir og heilbrigðir viðskiptahættir fjármálafyrirtækja samkvæmt lögum

þessum. Fjármálafyrirtækjum ber að fylgja viðurkenndum leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja. Í því skyni skulu þau m.a. birta árlega yfirlýsingu um stjórnarhætti fyrirtækisins í sérstökum kafla í ársreikningi eða ársskýrslu og gera grein fyrir stjórnarháttum sínum á vefsíðu fyrirtækisins og birta þar yfirlýsingu um stjórnarhætti sína.“

### LÖG UM VÁ- TRYGGINGASTARFSEMI NR. 60/1994

#### 43 GR.

„..... Stjórnin ber ásamt framkvæmdastjóra ábyrgð á því að skipulag félagsins og innra eftirlit sé fullnægjandi og á því að félagið geti lagt fram upplýsingar sem þörf er á til eftirlits með því.“

### LÖG UM SKYLDU- TRYGGINGU LÍFEYRISRÉTTINDA OG STARFSEMI LÍFEYRISJÓÐA NR. 129/1997

#### 29. GR.

„1.mgr. Stjórn lífeyrissjóðs ber ábyrgð á starfsemi sjóðsins í samræmi við lög þessi, reglugerðir settar samkvæmt þeim og samþykktir sjóðsins. Stjórn lífeyrissjóðs skal einnig hafa með höndum almennt eftirlit með rekstri, bókhaldi og ráðstöfun eigna sjóðsins.“  
„2.tl .2 mgr. : að ráða for-

stöðumann endurskoðunardeildar eða semja við sjálfstætt starfandi eftirlitsaðila,“

### LÖG UM VERÐ- BRÉFASJÓÐI OG FJÁRFEST- INGARSJÓÐI NR. 30/2003

17 gr. „Rekstur verðbréfasjóða felst meðal annars í eftirfarandi verkefnum: ..... liður d. Innra eftirliti.“

### REGLUR OG LEIÐ- BEINANDI TILMÆLI FJÁRMÁLAEFTIRLITS

nr. 3/2008 : Leiðbeinandi tilmæli um störf endurskoðunardeildar fjármálafyrirtækja.

nr. 4/2003 : Leiðbeinandi tilmæli varðandi undanþágu frá starfrækslu endurskoðunardeildar hjá fjármálafyrirtæki (ný tilmæli eru í smíðum).

nr. 1/2002 : Leiðbeinandi tilmæli um innra eftirlit og áhættustýringu hjá fjármálafyrirtækjum.

Fjármálafyrirtæki skal á hverjum tíma hafa yfir að ráða tryggju eftirlitskerfi með áhættu í tegnslum við alla starfsemi sína.

Hjá fjármálafyrirtæki skulu vera til staðar fullnægjandi og skjalfestir innri ferlar til að meta nauðsynlega stærð, samsetningu og innri dreifingu eiginfjárgrunns með hliðsjón af þeim áhættum sem starfsemin felur í sér hverju sinni.

## ÁBYRGÐ STJÓRNARMANNA OG INNRI ENDURSKOÐUN - FRAMHALD

### LEIÐBEININGAR UM STJÓRNARHÆTTI GEFIN ÚT AF KAUPHÖLL ÍSLANDS, VIÐSKIPTARÁÐI OG SAMTÖKUM ATVINNULÍFSINS

#### KAFLI 2.7 INNRA EFTIRLIT OG ÁHÆTTUSTÝRING

„Stjórn félags ber ábyrgð á að koma á virku kerfi innra eftirlits. Í því felst m.a. að fyrirkomulag innra eftirlits sé formlegt, skjalfest og að virkni þess sé reglubundið sannreynd“

#### KAFLI 2.7 INNRA EFTIRLIT OG ÁHÆTTUSTÝRING

„Stjórn félags ber ábyrgð á að koma á virku kerfi innra eftirlits. Í því felst m.a. að fyrirkomulag innra eftirlits sé formlegt, skjalfest og að virkni þess sé reglubundið sannreynd“

#### A.1 ENDURSKOÐUNARNEFND.

„Stjórn félagsins metur þörf fyrir stofnun undirnefnda eftir stærð og umfangi félagsins, svo og samsetningu stjórnar. Í stjórnarháttayfirlýsingu félagsins ber að skýra frá stofnun og skipun undirnefnda.“

„Við einingu tengda almannahagsmunum skal starfa endurskoðunarnefnd, en annars er æskilegt að endurskoðunarnefnd sé skipuð ef umfang fyrirtækisins er slíkt að telja megj mikilvægt að eftirlit og skýrslur um fjárhag fái nánari umfjöllun og greiningu í smærri hópi heldur en hjá stjórninni allri.“

#### ENDURSKOÐUNARNEFND

Í lögum og reglum er endur-

skoðunarnefnd undirnefnd stjórnar og því má segja að stjórn félagsins sem og stjórnarmenn beri fulla ábyrgð á störfum þessarar undirnefndar stjórnarinnar. Ákvörðun um hvort stjórnin eigi að skipa endurskoðunarnefnd fer eftir tvennu. Annars vegar eru lögformlegar kröfur um tilvist endurskoðunarnefndar í vissum fyrirtækjum og þá sérstaklega við einingar tengdar almannahagsmunum en það eru aðallega bankar, tryggingafélög og lífeyrisjóðir. Að öðru leiti er það samkvæmt mati stjórnarmanna á þörf fyrir slíka nefnd til að hafa betri yfirsýn m.a varðandi tilvist og virkni innra eftirlits hjá viðkomandi fyrirtæki. Samkvæmt 108 gr.b í lögum um ársreikninga eru helstu verkefni endurskoðunarnefndar :

- ◆ Mat á reikningsskilum og skýrslugerð stjórnenda um fjármál.
- ◆ Eftirlit með gerð áhættugreiningar og viðbrögðum við áhættu.
- ◆ Eftirlit með endurskoðun ársreiknings og tilvist verkefna um gerð ársreiknings.
- ◆ Fylgja eftir ábendingum úr innra eftirliti fyrirtækisins eða frá innri endurskoðun.
- ◆ Ganga úr skugga um óhæði ytri endurskoðenda og hvort störf ytri endur-

skoðenda önnur en endurskoðun skerði óhæði þeirra.

- ◆ Setja fram tillögu til stjórnar um tilnefningu ytri endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtækis fyrir aðalfund.
- ◆ Meta þörf á innri endurskoðun, annast ráðningu innri endurskoðenda og eftirlit með innri endurskoðun.

Sé talin nauðsyn á því að setja upp endurskoðunarnefnd annað hvort vegna lögformlegra krafna eða samkvæmt mati stjórnar þá gilda sérstakar reglur um skipan stjórnarmanna. Þær reglur er að finna í ársreikningalögum og leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja en þar er gert ráð fyrir að endurskoðunarnefnd sé skipuð að minnsta kosti þrem nefndarmönnum.

Það er einnig tiltekið að mikilvægt sé að meirihluti nefndarinnar sé óháður þeirri einingu sem um er að ræða. Óhæði felst í því að láta ekki eigin hagsmuni eða annarra hafa áhrif á störf sín og tengjast ekki neinu sem getur haft áhrif á kröfuna um hlutlægni.

Að öðru leiti er það samkvæmt mati stjórnarmanna á þörf fyrir slíka nefnd til að hafa betri yfirsýn m.a. varðandi tilvist og virkni innra eftirlits hjá viðkomandi fyrirtæki.

## ÁBYRGÐ STJÓRNARMANNA OG INNRI ENDURSKOÐUN - FRAMHALD

Þessi krafa gerir það að verkum að stjórnendur eða starfsmenn geta ekki verið í endurskoðunarnefnd nema þeir séu þá óháðir þeirri einingu sem um er að ræða. Í leiðbeiningum um stjórnarhætti er gert ráð fyrir að allavega einn nefndarmaður hafi staðgóða þekkingu og reynslu á sviði reikningsskila og endurskoðunar. Þegar um er að ræða einingu tengda almannahagsmunum er þetta atriði skylda.

Meðal þess sem kemur til álita við mat á staðgóðri þekkingu er:

- ◆ Þekking á settum reikningskilareglum.
- ◆ Reynsla við endurskoðun og gerð eða greiningu reikningsskila.
- ◆ Þekking á innra eftirliti með gerð reikningsskila.

Í hlutafélagalögum er gert ráð fyrir því að stjórn seti sér starfsreglur og þær starfsreglur þurfa þá líka að taka til starfsemi undirnefnda stjórnar. Skýrar verklagsreglur auðvelda nefndinni og öðrum að skilja hlutverk hennar og ábyrgð. Nefndin verður að halda reglulega fundi með markvissa og skipulega dagskrá. Í starfsreglum nefndarinnar á að gera ráð fyrir því að nýir nefndarmenn fái leiðsögn og upplýsingar um störf og starfs hætti nefndarinnar en einnig að tryggja nefndarmönnum endurmenntun á því sviði sem nýtist þeim í störfum sínum.

### INNRI ENDURSKOÐUN

Samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki skal starfa innri endurskoðun innan viðkomandi stofnunar nema FME veiti sérstaka undanþágu vegna þess. Þar sem bankar og önnur fjármálafyrirtæki eru skilgreindar sem „einingar í almannapágu“ þá gilda ákvæði um endurskoðunarnefnd um þau fyrirtæki. Það mætti því segja að einungis í þeim „einingum í almannapágu“ sem falla ekki undir þá skilgreiningu að vera fjármálafyrirtæki samkvæmt lögum, geti þeim skyldum sem endurskoðunarnefnd hefur með höndum verið svarað með öðru en stofnun innri endurskoðunardeildar t.d með því að fela endurskoðunarfyrirtæki að sjá um þá þætti sem annars mundi vera sinnt af innri endurskoðun fyrirtækisins.

### NIÐURLAG

Það er ljóst að stjórnarmenn bera þunga ábyrgð og stjórnarmenn ættu að kynna sér vel starfsemi þess fyrirtækis sem þeir eru í stjórn fyrir. Þeir eru skyldir að bæta félaginu það tjón sem þeir geta hugsanlega valdið í störfum sínum og þá skiptir ekki máli hvor viðkomandi tjón verður vegna gáleysis eða ásetnings. Þar að auki bera allir stjórnarmenn

sömu ábyrgð óháð menntun og þekkingu þeirra.

Almennt má segja að skyldur stjórnarmanna séu eins og þær eru skilgreindar í hlutafélagalögum þ.e.a.s stefnumótun, rekstur fyrirtækisins í gegnum forstjóra/ framkvæmdastjóra, aðkoma að stærri ákvörðunum og eftirlit með bókhaldi og hlýtni við lög og reglur á því sviði. Hins vegar sérstaklega varðandi innra eftirlit þá er það skylda stjórnarmanna að leggja á það mat hvort eftirlitsskylda stjórnarmanna varðandi tilvist og virkni innra eftirlits kalli á sérstakar aðgerðir eins og að skipa endurskoðunarnefnd sem undirnefnd stjórnar. Í þeim tilvikum að fyrirtæki eru skilgreind sem eining í almannapágu þá er það lagaskylda að setja upp endurskoðunarnefnd og þar að auki þegar um fjármálafyrirtæki er að ræða skal einnig setja upp sérstaka innri endurskoðunardeild nema sérstök undanþága sé veitt frá FME.

Guðjón Viðar Valdimarsson  
M.Sc., CIA, CISA, CFSA

Þeir eru skyldir að bæta félaginu það tjón sem þeir geta hugsanlega valdið í störfum sínum og þá skiptir ekki máli hvort viðkomandi tjón verður vegna gáleysis eða ásetnings. Þar að auki bera allir stjórnarmenn sömu ábyrgð óháð menntun og þekkingu þeirra.

Heimasíða félagsins er:

[www.fie.is](http://www.fie.is)



**Ábyrgðarmaður:**

Albert Ólafsson

Netfang: [fie@fie.is](mailto:fie@fie.is)

**Fræðslunefnd FIE**

Hrefna Gunnarsdóttir, formaður

Guðjón V. Valdimarsson,

Ingunn Þórðardóttir,

Þórir Haraldsson

## PISTILL STJÓRNAR

Ágætu félagsmenn

Innri endurskoðunar-  
dagurinn 2011 verður  
haldinn 25. mars næst-  
komandi. Umfjöllunarefni  
dagsins tengist að þessu  
sinni hvernig til hefur tekist  
í uppbyggingu eftir hrunið  
og varða fyrirlestrarnir  
einkum siðferði, stjórnar-  
hætti, hlutverk endurskoð-  
unarnefnda og endur-  
skoðenda. Fyrirlesarar verða  
m.a. Dr. Finnur Oddsson  
framkvæmdastjóri við-  
skiptaráðs, Dr. Þórunna  
Jónsdóttir, framkvæmda-  
stjóri samskiptasviðs Auðar  
Capital, Páll Gunnar  
Pálsson, forstjóri Sam-  
keppniseftirlitsins, Þröstur  
Ólaf Sigurjónsson Lektor hjá  
viðskiptadeild Háskólans í  
Reykjavík, Rúnar  
Guðmundsson, sviðsstjóri  
hjá Fjármálaeftirlitinu og  
Sigurður Þórðarson fv.  
Ríkisendurskoðandi en hann  
situr í stjórnnum ýmissa fyrir-  
tækja auk þess að vera  
formaður nefndar um mál-

efni endurskoðenda sem  
starfað hefur á vegum  
efnahags- og viðskipta-  
ráðuneytisins.

Innri endurskoðunar-  
dagurinn var fyrst haldinn  
hátíðlegur af FIE árið 2009  
en yfirskrifin má segja að  
hafi verið, hvað mátti betur  
fara. Það ár hafði stjórn  
ákveðið, í tengslum við  
stefnumótunarvinnu  
félagsins, að skipuleggja  
árlegan viðburð, Innri endur-  
skoðunardaginn, sem hvoru  
tveggja í senn var ætlað að  
vera gagnleg ráðstefna um  
málefni sem tengjast innri  
endurskoðun og vekja  
athygli á faggreininni sem  
slíkri. Árið 2010 tengdist  
þema dagsins niðurstöðum  
í skýrslu Rannsóknarnefndar  
Alþingis og þeim breytingum,  
sem talin var þörf á.

Í tengslum við innri endur-  
skoðunardaginn 2011 hefur  
stjórn FIE látið uppfæra  
kynningarbækling félagsins  
um innri endurskoðun sem  
ætlaður er til kynningar á

Félag um innri endurskoðun er samstarfsvettvangur þeirra sem  
starfa við innri endurskoðun í fyrirtækjum og stofnunum.

Markmið félagsins er að efla innbyrðis tengsl og kynningu þeirra  
sem starfa við fagið, vera vettvangur til að styrkja fagleg vinnu-  
brögð, styrkja þróun innri endurskoðunar og faglega umræðu  
jafnframt því að vera leiðandi rödd stéttarinnar út á við.

Félagið er aðili að The Institute of Internal Auditors Inc. -  
([www.theiia.org](http://www.theiia.org)) auk þess sem það tekur þátt í evrópsku og  
norrænu samstarfi á sínu sviði.

## FRAMPRÓUN MEÐ SAMSTARFI (PROGRESS THROUGH SHARING)

félaginu og innri endur-  
skoðun sem faggrein.  
Bæklingurinn verður öllum  
aðgengilegur á ráðstefnunni.

Innri endurskoðunar-  
dagurinn hefur ávallt verið  
vel sóttur og vonumst við til  
að ekki verði breyting þar á,  
endar lofa fyrirlesarar og  
umfjöllunarefni þeirra  
góðum og fróðlegum degi.  
Innri endurskoðunar-  
dagurinn verður haldinn á  
20. hæð, í turninum í Kópa-  
vogji frá 08:30 til 12:00. Við  
hlökkum til að sjá sem  
flesta.

Með góðum kveðjum;

F.h. stjórnar FIE

Nanna Huld Aradóttir

### Stjórn FIE:

formaður:  
Nanna Huld Aradóttir



varaformaður:  
Anna Margrét  
Jóhannesdóttir



gjaldkeri:  
Sif Einarsdóttir



ritari:  
Páll Ólafsson



meðstjórnandi:  
Albert Ólafsson

